

SMIL

SKAPANDI VERKEFNI ~ FYR LØS





SMIL

Skapandi verkefni ~ Fyr lós

Smil til verden og verden smiler til dig



NÁMSGAGNASTOFNUN
9053

Fyr lös 1

Fotæl om en ting3
Opgaveblad 1

Fyr lös 2

En kortfilm4
Námsmat
Opgaveblad 2

Fyr lös 3

Mit billede viser5
Opgaveblad 3

Fyr lös 4

Ulven kommer.....6
Opgaveblad 4

Fyr lös 5

Hvem vil være millionær?7

Fyr lös 6

Vi blæser nyt liv i de døde.....11
Opgaveblad 6

Fyr lös 7

Find ordene12
Opgaveblad 7

Fyr lös 8

Send en mundtlig email.....13
Opgaveblad 8

Fyr lös 9

Quiz on Danmark14
Opgaveblad 9A
Opgaveblad 9B

Fyr lös 10

Indram billedet.....15

Fyr lös 11

Snak sammen om stjernetegn....16
Opgaveblad 11

Fyr lös 12

Frugtsalat17
Opgaveblad 12





Fortæl om en ting – en opgave i mobilen



Tegund: Talæfing – verkefni í snjallsíma

Form:

- Hópvinna.

Markmið:

- Þjálfar orðaforða m.a. úr þemanu.
- Að nemendur þjálfist í að tala dönsku.
- Nota lýsingarorð í mismunandi myndum.

Undirbúningur:

- Prenta út opgaveblad 1.
- Smelltu **hér** til að fá opgaveblad 1 á PDF-formi.
- Sjá til þess að í hverjum hópi sé snjallsími.

Um æfinguna:

- Áætlaður tími: 30–40 mínútur.
- Verkefnið er unnið bæði úti og inni.
- Kennari parar nemendur saman eða velur í litla hópa.
- Nemendur finna þá hluti sem nefndir eru á opgaveblad 1.
- Nemendur taka myndband af hlutunum og taka upp það sem sagt er um hlutinn.
- Nemendur segja tvær setningar um hvern hlut og nota a.m.k. eitt lýsingarorð.
- Nemendur skiptast á að tala þannig að allir í hópnum lýsa 3–4 hlutum.

Hugmyndir að skilum:

- Sýna öllum bekknum afraksturinn með því að tengja símann við tölvu og varpa upp á vegg af skjávarpa.
- Sýna verkefnið í símanum í litlum hópum.
- Sýna kennara verkefnið í símanum.
- Senda kennara verkefnið.



Jagten på berømmelse
Fyr løs 2 Opgavebog B side 13
Læsebogen side 56 – 57

En kortfilm – berømte mennesker



Tegund: Stuttmynd – munnlegt/skriflegt

Form:

- Hópverkefni (3–4 í hóp).

Markmið:

- Nota orðaforða sem nemendur hafa lært í nýju samhengi.
- Finna nýjan orðaforða sem nemendur þurfa til að tjá sig í stuttmyndinni.
- Tala dönsku.
- Þjálfra samvinnu.

Undirbúningur:

- Kennari útskýrir verkefnið fyrir nemendum.
- Kennari velur nemendur í 3–4 manna hópa eða leyfir þeim að velja hóp.
- Kennari setur tímamörk á verkefnaskil.
- Kennari setur lengdarmörk á stuttmyndina t.d. 4–5 mínútur.
- Prenta út opgaveblad 2.
- Smelltu **hér** til að fá opgaveblad 2 á PDF-formi.

Um æfinguna:

- Áætlaður tími: 2 x 40 mínútur.
- Handrit
 - » Nemendur finna hugmynd. Kveikja getur verið atriði úr kvikmynd eða smásögu, brandari, auglýsingar, fréttir o.fl.
 - » Nemendur vinna saman að persónusköpun og velja sögusvið.
 - » Nemendur gera handrit af aðstæðum, tökustað og því sem hver á að segja.
 - » Hver nemandi á að segja að lágmarki 5 setningar.
 - » Nemendur skila handriti til kennara til samþykkis. Handritið má vera á íslensku en samtöl eiga að vera á dönsku.
 - » Ef til vill getur þurft að setja nemendum skorður t.d. hversu löng myndin má vera.
- Upptökur
 - » Hægt er að nota síma, spjaldtölvu eða upptökuvél.
 - » Upptökur geta farið fram á skólatíma eða utan skólatíma.
 - » Nemendur skila kennara verkefninu á minniskubbi eða senda myndina í tölvupósti.
- Dæmi um fyrirgjöf, sjá **hér**.





Mit billede viser ...



Tegund: Talæfing/frásögn

Form:

- Para- eða hópvinna.

Markmið:

- Að æfa orðaforða úr kaflanum.
- Að nota dönsku til að lýsa myndum.

Undirbúningur:

- Prenta út opgaveblad 3 og klippa út myndirnar (ef vill).
- Smelltu **hér** til að fá opgaveblad 3 á PDF-formi.

Um æfinguna:

- Áætlaður tími: Fer eftir stærð hóps.
- Tillaga A – Paravinna.
 - » Kennari parar nemendur saman.
 - » Nemendur draga mynd.
 - » Nemendur lýsa því sem er á myndinni í a.m.k. 3 setningum.
 - » Hægt er að auka þyngd og fjölbreytni verkefnisins með því að bæta við spurningum t.d.
 - * *Hvad synes du om billedet?*
 - * *Hvad tænker du på når du ser billedet?*
 - * *Hvad symboliserer billedet?*
 - » Nemendur skiptast á að draga mynd og lýsa henni.
- Tillaga B – Hópvinna.
 - » Kennari velur nemendur saman í litla hópa eða vinnur með allan bekkinn.
 - » Nemendur sitja í hring og kennari dreifir myndunum fyrir framan nemendur.
 - » Kennari segir nemendum að velja sér eina mynd.
 - » Nemendur skiptast á að lýsa sinni mynd og segja jafnframt frá því hvers vegna myndin varð fyrir valinu.





Du er rigtig klog

Fyr løs 4 Opgavebog B side 28

Læsebogen side 63 – 65

Ulven kommer



Tegund: Talæfing – Leikur

Form:

- Hópvinna.

Markmið:

- Æfa orðaforða sem tengist nemendum sjálfum t.d. áhugamálum, skóla, fjölskyldu, uppáhalds mat, kennslustundum eða öðru sem þeir eiga sameiginlegt.
- Tala dönsku.
- Hrista hópinn saman.

Undirbúningur:

- Finna rými þar sem nemendur geta hlaupið um og hreyft sig.
- Finna eitthvað mjúkt dót t.d. tuskudýr sem nota á í leikinn (ekki of stórt).
- Prenta út opgaveblad 4.
- Smelltu **hér** til að fá opgaveblad 4 á PDF-formi.

Um æfinguna:

- Áætlaður tími: 20 mínútur.
- Kennari útskýrir leikinn og dreifir opgaveblad 4. Kennari getur líka skrifað dæmi um spurningar á töflu eða bara nefnt dæmin munnlega.
- Nemendur dreifa sér í rýminu.
- Best er að fjöldi þátttakenda sé slétt tala (án stjórnanda) þannig að þeir geti parað sig saman tveir og tveir.
- Stjórnandi stendur í miðjunni með tuskudýrið.
- Stjórnandi segir hátt og snjallt *Ulven kommer* og á að reyna að setja tuskudýrið á maga einhvers þátttakandans.
- Til þess að forðast það að úlfurinn bítí í magann þarf nemandi að finna sér félagar til að faðma svo að maginn sé varinn.
- Þetta er gert tvisvar til þrisvar og þá segir stjórnandinn hátt og snjallt *Så er det speed spørgsmål.*
- Hvert par fær 3 mínútur til að finna þrennt sem þeir eiga sameiginlegt.
- Stjórnandi tekur tímann.
- Stjórnandi getur verið annaðhvort kennari eða nemandi. Ef stjórnandi er úr nemendahópnum er mikilvægt að nemendur skiptist á svo allir fái tækifæri til að spyrja og svara.
- Einnig er hægt að hafa þátttakendafjöldann oddatölu. Þá nær einn þátttakandinn ekki að finna sér félagar til að faðma þegar úlfurinn kemur. Sá hinn sami verður þá næsti stjórnandi.



Hvem vil være millionær?

Tegund: Lesa og skrifa – spurningaleikur

Form:

- Einstaklings-/para- eða hópvinna.

Markmið:

- Að kanna þekkingu og skilning nemenda úr þema kaflans.

Undirbúningur:

- Kennari kynnir sér leikinn og setur inn spurningarnar 15 (sjá **Um leikinn og dæmi um spurningar**)
- Kennari getur búið til eigin spurningar eða breytt spurningum.
- Nemendur þurfa að hafa aðgang að tækjum til að spila leikinn.

Um leikinn:

- Áætlaður tími: Fer eftir formi.
- Til þess að geta spilað leikinn Hvem vil være millionær þarftu að fara inn á síðuna: <https://www.superteachertools.net/millionaire/> og velja „Make a new game“:



- Næst á að skrifa spurningarnar, svarmöguleikana og skrá hvert er rétt svar (með því að haka við, hægra megin).

Question #1:

Choice A: ☐

Choice B: ☐

Choice C: ☐

Choice D: ☐

Check the correct response!

- Þegar búið er að setja inn allar spurningarnar (mest 15) er leiknum gefið nafn og sett inn sama númer og rauða talan sýnir. Því næst er smelt á „Create Game File“.

Give this game a name:

Tell us who made this game:

Verification #: 35

Your verification number must match the number in red.

Create Game File



Du er rigtig klog

Fyr løs 5 Opgavebog B side 42


Læsebogen side 62–71

- Þá birtist krækja sem nauðsynlegt er að geyma því hún veitir aðgang að leiknum.



- Hér er leikurinn útskýrður:

- » Ef nemendur velja 50/50 þá hverfa 2 valmöguleikar:



- » Ef nemendur velja símann fá þeir gagnlega vísbendingu:



- » Ef nemendur velja áhorfendur fá þeir súlurit yfir svör þeirra:



- » Nemendur hafa tækifæri til að endurmeta val sitt:



- » Þegar nemendur hafa samþykkt svarið kemur í ljós hvort það er rétt:



Dæmi um spurningar og valmöguleika úr kafla

(Rétt svar er rauðmerkt)

1. Mange mener at IQ er den bedste måde at ...

- a. måle forelskelse.
- b. at måle hvor dygtig man er til at tale sprog.
- c. at måle intelligens på.
- d. at se hvor god man er til sport.

2. Mennesket har været klogt i ...

- a. 400 år.
- b. 4000 år.
- c. 40.000 år.
- d. 400.000 år.

3. En ting som gør mennesker klogere end andre dyr er ...

- a. at de kan gå på to ben.
- b. at de ikke har hår på kroppen.
- c. at de ikke spiser andre mennesker.
- d. at de kan tænke i symboler.

4. Nutidens menneske kaldes ...

- a. Homo erectus.
- b. Homo sapiens.
- c. Homo habilis.
- d. Homo antecessor.

5. Mennesker blev intelligente fordi de ...

- a. konstant har måttet tilpasse sig til naturen.
- b. ikke kunne flyve eller leve under vand.
- c. fordi de blev født med en stor hjerne.
- d. fordi de ville lære at forstå dyrene.

6. Hvis du vil vinde en kamp skal du ...

- a. være klogere eller stærkere end din modstander.
- b. løbe hurtigt væk.
- c. være stor og stærk.
- d. Være vred og irriteret på din modstander.

7. Hvilke udsagn passer bedst til „Selv det klogeste menneske har et tåbeligt hjørne i hjernen“?

- a. Mennesket er intelligent.
- b. Man høster som man sår.
- c. Med sproget kan vi dele vores erfaring med andre.
- d. Alle kan lave fejl.



Du er rigtig klog

Fyr løs 5 Opgavebog B side 42

Læsebogen side 62–71

8. De fleste dyr er gode til at ...

- a. lære af fortiden og tænke om fremtid.
- b. at forstå symboler.
- c. at dele nye ideer.
- d. at overleve i naturen.

9. Hvad betyder: Man høster som man sår?

- a. Det er godt at få en god høst.
- b. Det du vælger at gøre i dag har indflydelse på din fremtid.
- c. Man skal stå tidligt op for at få en god dag.
- d. Man bliver såret hvis nogen siger noget dumt.

10. Mennesker bor i fælleskab ...

- a. fordi de kan lide mange mennesker.
- c. fordi børnene kan lege sammen.
- c. for at hjælpe hinanden.
- d. for at kunne snakke sammen.

11. Hormonet oxytocin gør os ...

- a. ondskabsfulde.
- b. vildt forelskede.
- c. sindsyge.
- d. omsorgsfulde.

12. Hormonerne dopamin og serotonin gør os ...

- a. fordomsfulde.
- b. glade og lykkelige.
- c. irriterede og sure.
- d. kede af det.

13. Romantikken ...

- a. gør os forelskede.
- b. har altid været en del af menneskets liv.
- c. er kun 200 år gammel.
- d. sikrer familiens fremtid.

14. At kunne tænke over hvad man selv og andre tænker ...

- a. kræver en stor intelligens.
- b. er ikke særlig vigtigt.
- d. gør hvaler til helt specielle dyr.
- e. kræver en meget stort hoved.

15. Paradis ...

- a. er en by i Danmark.
- b. er et godt sted at være på.
- c. er kun for forelskede mennesker.
- d. betyder populær på latin.



Vi blæser nyt liv i de døde



Tegund: Samtalsæfing/ritun/leikræn tjáning

Form:

- Paravinna.

Markmið:

- Að nemendur nýti danskan orðforða til að vinna saman, skiptast á hugmyndum og komast að niðurstöðu.
- Að nemendur skili af sér mynd og útskýri hana munnlega á dönsku fyrir öðrum nemendum.
- Að nemendur geti búið til stuttan leikþátt byggðan á eigin hugmyndavinnu.

Undirbúningur:

- Áætluður tími: um 60–80 mínútur.
- Finna til blöð, skæri, lím og liti.
- Prenta út opgaveblad 6.
- Smelltu **hér** til að fá opgaveblad 6 á PDF-formi.
- Ef til vill getur kennari útvegað tæki til að taka upp leikþáttinn og/eða taka mynd af honum, s.s. snjallsíma, spjaldtölvu eða myndavél.

Um æfinguna:

- Kennari skiptir nemendum í pör.
- Kennari úthlutar hverju pari blöðum, litum, lími og skærum.
- Kennari lætur hvert par fá ljósrit af beinagrind (opgaveblad 6).
- Nemendur klippa beinagrindina í sundur í nokkra búta og búa til nýja mynd/ myndir úr henni. Best er að útskýra ekki of mikið heldur leyfa nemendum að velta fyrir sér og ræða um hvað þeir eigi að gera.
- Nemendur skrifa orð eða texta inn á myndina/myndirnar til útskýringar.
- Nemendur sýna bekknum afraksturinn og segja frá honum á dönsku.
- Þegar allir hafa kynnt sína mynd/myndir fá þeir nokkrar mínútur til þess að æfa stuttan leikþátt út frá myndinni/myndunum.
- Nemendur sýna leikþáttinn.
- Kennari getur tekið leikþáttinn upp.
- Kennari getur beðið nemendur um að stilla sér upp á þann hátt sem lýsir hugmynd þeirra best og tekið eina ljósmynd.



Jeg elsker Danmark

Fyr løs 7 Opgavebog B side 52

Læsebogen side 73

Find ordene



Tegund: Talæfing

Form:

- Paravinna.

Markmið:

- Að nemendur vinni saman.
- Að nemendur æfi sig í að útskýra orð tengd Danmörku á dönsku.

Undirbúningur:

- Prenta út opgaveblad 7.
- Smelltu **hér** til að fá opgaveblad 7 á PDF-formi.
- Klippa út miðana á opgaveblad 7 og setja þá í umslag.
- Gott er að plasta miðana þannig að þeir endist lengur.

Um æfinguna:

- Áætlaður tími: 20 mínútur.
- Kennari skiptir nemendum í pör.
- Kennari gefur hverju pari umslag með miðum.



- Nemandi A dregur orð upp úr umslaginu.
- Nemandi A á að útskýra orðið fyrir B án þess að segja orðið sjálft.
- Það má ekki nota hljóð, tákn eða orð úr öðru tungumáli en dönsku.
- Nemandi B á að finna rétta orðið sem A er að lýsa.
- Nemendur skiptast á að draga orð úr umslaginu og útskýra.



Send en mundtlig email



Tegund: munnlega æfing

Form:

- Einstaklings- eða paravinna.

Markmið:

- Nota orðaforða um Danmörku.
- Tala dönsku.
- Átta sig á forriti sem tekur upp hljóð og mynd.

Undirbúningur:

- Kennari kynnir sér forritið mailVU: <http://mailvu.com/>.
- Til að vinna í þessu forriti þarf tölvan að vera með Adobe Flash 10.
- Leiðbeiningar á dönsku: Sjá mailvu.com – vejledning – youtube.com.
- Prenta út opgaveblad 8.
- Smelltu **hér** til að fá opgaveblad 8 á PDF-formi.

Um æfinguna:

- Áætlaður tími: 30–40 mínútur.
- Kennari útskýrir verkefnið.
- Nemendur eiga að vinna einir eða í pörum og undirbúa tölvupóst í tali og myndum þar sem þeir senda kveðjur frá Danmörku og segja stutt frá því hvað þeir eru búnir að gera þar.
- Kennari þarf ef til vill að setja nemendum ramma varðandi lengd og innihald verkefnisins. Dæmi um uppbyggingu:
 1. Heilsa.
 2. Segja hvar þeir eru staddir og með hverjum.
 3. Segja frá a.m.k. tveimur hlutum sem þeir hafa séð og upplifað.
 4. Kveðja.
- Kennari getur þyngt verkefnið og gert meiri kröfur eftir því sem við á.
- Kennari kynnir forritið fyrir nemendum.
- Nemendur þurfa að hafa aðgang að tækjum.
- Nemendur geta unnið verkefnið heima eða í skólanum.



Jeg elsker Danmark

Fyr løs 9 Opgavebog B side 76

Læsebogen side 72 – 85



Quiz om Danmark

Tegund: Munnleg æfing – spurningar og svör

Form:

- Paravinna. Einnig er hægt að hafa 4 í hóp, tvo í hvoru liði.

Markmið:

- Þjálfar orðaforða úr þemanu.
- Búa til spurningar.
- Tala dönsku.
- Rifja upp ýmsar upplýsingar um Danmörku sem fram koma í kaflanum.

Undirbúningur:

- Rifja upp spurnarorðin.
- Prenta út opgaveblad 9A og 9B.
- Smelltu [hér](#) til að fá opgaveblad 9A og 9B á PDF-formi.

Um æfinguna:

- Áætlaður tími: 30 mínútur.
- Alls eru 30 fullyrðingar um Danmörku. 15 fullyrðingar eru á opgaveblad 9A og 15 á opgaveblad 9B.
- Nemandi A er með 15 fullyrðingar á blaði. Hann býr til spurningu úr fyrstu fullyrðingunni.
- Nemandi B svarar spurningunni á dönsku.
- Nemendur A og B skiptast á að spyrja og svara.





Indram billedet



Tegund: Tal og ritun – Að segja frá mynd

Form:

- paravinna eða litlir hópar

Markmið:

- Nota danskan orðaforða um almenna hluti í umhverfinu.
- Skrifa og tala dönsku.
- Nota hugmyndaflugið í skapandi verkefni.
- Þjálfá samvinnu.
- Þjálfá nemendur í að kynna verkefni sitt myndrænt og munnlega.

Undirbúningur:

- Finna til stór karton, skæri og stórar reglustikur.
- Nemendur þurfa að hafa aðgang að snjallsíma.



Um æfinguna:

- Áætlaður tími: 40 mínútur.
- Kennari skiptir nemendum í pör eða litla hópa.
- Nemendur búa til stóra „myndaramma“ úr kartoni (minnst A5).
- Nemendur fara út úr kennslustofunni og finna a.m.k. þrjár tegundir af myndefni sem þeir ramma inn og taka mynd af.
- Nemendur setja myndirnar inn í forrit sem býður upp á textaskrif (t.d. Power-point eða Photo-story).
- Nemendur skrifa texta um myndirnar á dönsku og undirbúa munnlega kynningu.
- Nemendur sýna og kynna myndirnar fyrir bekknum á dönsku.



Kig ind i fremtiden

Fyr løs 11 Opgavebog B side 86

Læsebogen side 90–91

Snak sammen om stjernetegn



Tegund: Samtalsæfing

Form:

- Paravinna.

Markmið:

- Að nemendur þjálfí orðaforða sem tengist mánuðum, dagsetningum og stjörnumerkjum.
- Að nemendur tali dönsku.

Undirbúningur:

- Prenta út opgaveblad 11.
- Smelltu **hér** til að fá opgaveblad 11 á PDF-formi.

Um æfinguna:

- Áætlaður tími: 40 mínútur.
- Æfingin er þrískipt:
 1. Kennari skiptir nemendum í pör.
 2. Nemendur eiga að vera með blýant eða penna.
 3. Kennari úthlutar nemendum opgaveblad 11.
- Æfing A
 - » Nemendur lesa upp stjörnumerkin á opgaveblad 11 í pörum og skrifa þau í réttri röð, helst án þess að nota bókina.
 - » Pörin geta borið sig saman til að sjá hvort þau séu sammála.
- Æfing B
 - » Nemandi A segir afmælisdaginn sinn. Jeg har fødselsdag den ...
 - » Nemandi B segir í hvaða stjörnumerki A er. Så er du en/et ...
 - » Nemendur skiptast á að spyrja. Hægt er að bæta 1–2 persónum við t.d. fjölskyldumeðlimum eða vinum.



Frugtsalat



Tegund: Orða- og hreyfileikur

Form:

- Hópleikur.

Markmið:

- Að þjálfra orðaforða úr SMIL.
- Að hrista hópinn saman og hreyfa sig.



Undirbúningur:

- Prenta út opgaveblad 12.
- Smelltu **hér** til að fá opgaveblad 12 á PDF-formi.
- Klippa út miða. Ef til vill þarf að ljósrita fleiri miða.
- Raða stólum í hring.



Um leikinn:

- Áætlaður tími: 20 mínútur.
- Nemendur setjast í hring á stólum og kennari stendur í miðju.
- Kennari útskýrir hugtökin og tekur dæmi úr hverjum flokki, t.d.:
 - » Astronomi – rumskib, stjerne, måne, sol, planet, himmel ...
 - » Medier – radio, computer, avis, tv, film ...
 - » Dyr – abe, kanin, hest, krabbe, skorpion ...
 - » Tøj og tilbehør – nederdel, armbånd, strømpebukser, vanter, bh ...
- Allir nemendur fá miða með yfirheiti t.d. Dyr.
- Passa þarf upp á að ekki séu færri en 4–5 nemendur í hverjum flokki. Annars eru ekki nógu margir að skipta um sæti í einu.
- Nemendur mega ekki sjá miða annarra.
- Kennari kallar t.d. rotte. Allir nemendur sem eru með miða þar sem á stendur Dyr eiga að skipta um sæti á meðan kennari/stjórnandi reynir að setjast í sæti einhvers þeirra.
- Sá sem ekki fær sæti á að standa í miðjunni og segja orð úr einum af flokkunum og leikurinn heldur áfram eins lengi og áhugi er á.

